

**Sp. 460. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]**  
um eflingu héraðsstjórnar.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga leiðir til að efla framkvæmdarstjórn í héruðum landsins, m. a. með sameiningu sveitarfélaga og með aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdarvalds í sýslum.

#### Greinargerð.

Lagt er til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé orðið tímabært að leggja grundvöll að stækkun sveitarfélaga landsins með því að sameina sveitarfélög og breyta hreppamörkum, þar sem ástæða þykir til. Sveitarfélög í dreifbýli eru vegna smæðar sinnar og fámennis ómegnug þess að efla framkvæmdarstjórn í héruðum landsins, svo sem æskilegt væri að gera. Sameining fámennra hreppa mundi gera þeim kleift að leysa betur af hendi en áður ýmis þau viðfangsefni, sem þeim eru ætluð, t. d. með því að ráða sérstakan sveitarstjóra. Samstarf sveitarfélaga um rekstur félagsheimila, skóla og um lausn margháttaðra menningarmála hefur víða reynzt vel, og bættar samgöngur, tilkoma talsímans og tilfærsla framfærslubyrðar af sveitarfélögum með eflingu almannatrygginga eru allt rök, sem hníga að því, að stækkun sveitarfélaganna fylgi í kjölfarið sem eðlileg þróun.

Með samruna eða samtengd sýslna í „hérað“ mætti skilja að framkvæmdarvaldið og dómsvaldið og ráða sérstakan „héraðsstjóra“, sem færi með sameiginleg verkefni byggðarlagsins. Kemur þá jafnframt til álita, hvort heppilegt væri að breyta sýslumörkum. Hvert skref í slíkri þróun verður að taka að vel yfirlögðu ráði. Hún tekur nokkur ár og þarfnast undirbúnings. En áður en langt líður, er þó án efa tímabært að hefjast handa um að stuðla að sameiningu hinna fámennari sveitarfélaga í nánu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Slík stækkun mundi tryggja sjálfstæði og treysta sjálfstjórn sveitarfélaganna og efla vald héraðanna í landinu. Að því er stefnt með flutningi þessarar tillögu.